

Umsögn um drög að reglugerð um innflutning hunda og katta

Félag ábyrgra hundaeigenda gerir eftirfarandi athugasemdir við drög að nýrri reglugerð um innflutning hunda og katta:

1. **FÁH leggur til að stytta lengd einangrunar niður í 10 daga.** Einangrun á að stytta niður í 14 daga en það er eftir sem áður lengsti einangrunartími í heimi. Engin sérstök rök hafa komið frá MAST um af hverju einangrunartími geti ekki verið styttur niður í 10 daga líkt og lög gera ráð fyrir í Nýja Sjálandi. Flest lönd í heiminum eru með ýmis skilyrði fyrir innflutningi, en enga einangrun. Þau lönd sem hafa einangrun eru þó aldrei með lengri einangrun en 10 daga, fyrir utan Ísland. MAST hefur heimild til að framlengja einangrun sé uppi grunur um að dýr sé haldið smitsjúkdómi, það ætti að vera nóg.
2. **FÁH leggur til að hægt sé að sækja um heimasóttkví fyrir leitarhunda Lögreglu og Tollstjóra** líkt og hægt er að gera fyrir hjálparhunda. Í skýrslu MAST kemur fram að lítið gagn væri fyrir leitarhunda að vera í heimasóttkví þar sem þeir gætu ekki sinnt störfum sínum. Þar er ekkert tekið tillit til þess að þjálfun þessara hunda er gríðarlega umfangsmikil og kostnaðarsöm. Þeir þurfa að vera í góðu jafnvægi og stöðugri þjálfun til að geta sinnt starfi sínu. Íslenskt löggæslufólk með leitarhunda hefur hingað til ekki getað sótt sér sömu þjálfun og reynslu og kollegar þeirra erlendis, vegna strangra innflutningsreglna Íslands, og vilja ekki stofna þjálfun og andlegri heilsu leitarhundsins í hættu með dvöl í einangrunarstöð. Það eru heilmiklir almannahagsmunir í húfi að hafa starfhæfa leitarhunda, mun meiri og stærri hagsmunir en nokkur möguleiki á smithættu vegna heimaeinangrunar.
3. **FÁH leggur til óbreytt fyrikomulag varðandi heilbrigðisskoðun dýralæknis í útflutningslandi.** Í nýju reglugerðinni kemur fram að heilbrigðisvottorð skuli áritað af opinberum dýralæknini í sama landi. MAST rökstýður það með dænum um að vottorð hafi í einhverjum tilfellum verið fölsuð af starfandi dýralæknum. En áritun af opinberum dýralæknini er veldur umtalsverðu umstangi og kostnaðarauka í ferli sem nú þegar er flókið og kostnaðarsamt. Og ólíklegt að það skili þeim árangri sem MAST er að sækjast eftir, því ólíklegt er að opinber dýralæknir framkvæmi heilbrigðisskoðun og sannreyni öll próf þó að hann skrifi undir og stimpli.
4. **FÁH leggur til að gæludýr sem koma til landsins án þess að uppfylla skilyrði reglugerðar um innflutning, verði send beint úr landi eftir sýnatöku á kostnað eiganda, hvort sem gæludýrið kom inn í landið af gáleysi eða ásetningi.** Það getur ekki staðist lög um velferð dýra, að refs gæludýri með dauðadómi fyrir brot eiganda þess. Upp hafa komið tilvik hér á landi þar sem hundar eða kettir hafa sloppið úr halde við millilendingu á Íslandi. Þá hafa eigendur fengið leyfi frá MAST til að millilenda, en fyrir óhapp slapp dýrið. Í þeim tilvikum er dýrið handsamað og sent umsvifalaust úr landi. En í þeim tilvikum sem dýr hafa komið til landsins með Norrænu eða á einhvern hátt vísvitandi ólöglegur innflutningur, þá hafa gæludýrin verið aflífuð, samkvæmt 2.grein laga nr. 54/1990 um innflutning dýra. Það er algjörlega ósættanlegt að aflífa dýr, þegar það breytir engu um smithættu. Það er nauðsynlegt að taka þetta skýrt fram í þessari nýju reglugerð um innflutning hunda og katta. Og breyta einnig þessu ákvæði í lögum nr.54/1990 um innflutning dýra, þannig að það stangist ekki á við lög um velferð dýra.
5. **FÁH leggur til að hafa skilyrði varðandi hundaæði óbreytt frá fyrri reglugerð.** Samkvæmt áhættugreiningu Preben Willeberg eru litlar líkur á að hundaæði berist til landsins með innflutnum hundum eða köttum. Samt sem áður er lagt til að herða reglurnar, setja skilyrði um bólusetningu og mótefnamælingu frá löndum þar sem ekki fyrirfinnst hundaæði. Og frá löndum þar sem hundaæði er halddi í skefjum, er ekki nóg að bólusetja og fá jákvætt úr mótefnamælingu eins og áður var. Nú þarf að bíða með innflutning í 90 daga eftir

mótefnamælingu, en engar skýringar koma frá MAST af hverju þurfi að bíða í þessa 90 daga. Í ástralska áhættumatinu frá árinu 2013 kemur fram að það hafi komið til greina að fara fram á bólusetningu og mótefnamælingu vegna hundaæðis frá löndum sem eru laus við hundaæði. Hins vegar hafi niðurstaðan verið sú að sú staðreynd að landið sé yfirlýst laust við hundaæði sé nægjanleg smitvörn. Í Evrópu er krafist hundaæðisbólusetningar frá öllum löndum óháð því hvort hundaæði fyrirfinnist eða ekki, en þar er ekki krafist mótefnamælingar. Enn og aftur þarf Ísland að vera með ströngustu reglur í heimi, bæði bólusetning og mótefnamæling og óskiljanlegur 90 daga biðtími eftir mótefnamælingu, þrátt fyrir litlar líkur samkvæmt áhættugreiningu.

Félag ábyrgra hundaeigenda vill lýsa yfir ánægju með að loksns sé verið að endurskoða reglugerð um innflutning gæludýra, eitthvað sem var löngu tímabært og beðið hefur verið eftir. Og í ljósi þess að nú eigi að stytta einangrunartímann, þá má hafa í huga að miðað við að Ísland er með ströngstu innflutnings skilyrði í heimi, þá megi alveg stefna að því í nánustu framtíð, að sleppa einangrun alveg og taka upp gæludýrapassa líkt og í öðrum Evrópulöndum. Enda eru líka ókostir við vistun margra dýra í einangrunarstöð eins og kemur fram í skýrslu MAST: "Ef krafist verður einangrunar við innflutning er nauðsynlegt að taka tillit til þess að þar eru margir hundar vistaðir samtímis og þar með eykst smítálag."

Að lokum vill Félag ábyrgra hundaeigenda gagnrýna samráðsferlið, að umsagnarfresturinn hafi verið allt of stuttur og á afar óheppilegum tíma, og þetta því líklega farið framhjá mörgum.